

Starfslýsing verkefnastjóra sérkennslu (50%)

Næsti yfirmaður: Stjórnendur

Menntunar- og hæfniskröfur: Grunnskólakennarapróf og minnst 2 ára reynsla í starfi



Ábyrgðarsvið: Heldur utan um þá þætti er snúa að nemendum með skilgreindar sérþarfir. Verkefnastjóri stjórnar og skipuleggur sérkennslu og starf sérdeildar ásamt því að veita kennurum ráðgjöf. Hann starfar undir stjórn skólastjóra og deildarstjóra í umboði skólastjóra.

- Skipuleggur og stjórnar almennri sérkennslu
- Skipuleggur og stjórnar kennslu íslensku sem annars tungumáls í skólanum ásamt stjórnendum
- Útbýr einstaklingsnámskrá ásamt viðkomandi kennara
- Býr til einstaklingsstundatöflur fyrir nemendur með fötlunargreiningu og skipuleggur hvaða kennarar og stuðningsfulltrúar koma að hverjum nemanda
- Býr til stundatöflur fyrir stuðningsfulltrúa
- Leiðbeinir stuðningsfulltrúum í samstarfi við kennara
- Skipuleggur og stýrir fundum með stuðningsfulltrúum. Skólastjóri kemur inn á fundi ef þörf er á
- Er almennum kennurum skólans til ráðleggingar varðandi skipulag á kennslu nemenda með fötlunargreiningu eftir bestu getu
- Situr fundi í nemendaverndarráði skólans ásamt öðrum fulltrúum
- Skipuleggur og stjórnar reglulegum teymisfundum vegna nemenda með fötlunargreiningu, skráir og miðlar upplýsingum ásamt sérkennara
- Heldur utan um niðurstöður greininga frá sérfræðingum og sér um upplýsingagjöf til hlutaðeigandi
- Heldur utan um skimanir (LOGOS, Talnalykill) sem snúa að greiningu námserfiðleika eða felur þær öðrum
- Sér um tengsl skólans að vori við leikskóla vegna væntanlegra nemenda með fötlunargreiningu í samvinnu við verðandi umsjónarkennara
- Er tengiliður við Tröppu og er foreldrum og nemendum innan handar varðandi talþjálfun hjá Tröppu
- Er tengiliður við talmeinafræðing

Allir starfsmenn Grunnskólans í Stykkishólmi eru bundnir trúnaði um hvert það mál sem þeir kunna að verða áskynja í starfi, þagnareiðurinn gildir eftir starfslok. Þeim ber að taka þátt í uppeldisstarfi skólans þar sem megin áhersla er lögð á velferð og vellíðan nemenda. Þeir skulu vera viðbúinir til að veita fyrstu hjálp ef slys eða óhapp ber að höndum. Þeir skulu starfa í anda Uppeldis til ábyrgðar, eftir jafnréttisstefnu skólans, tilkynna grun um einelti eða barnaverndarmál eftir þar til gerðum leiðum og fylgja öryggisstefnu skólans varðandi persónuverndarlögin.